

Hverfisráð Miðborgar

Ár 2015, fimmtudaginn 8. janúar var haldinn 112. fundur Hverfisráðs Miðborgar. Fundurinn var haldinn í Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða og hófst kl. 17:00. Viðstödd voru Svafar Helgason, sem stýrði fundi, Sindri Snær Einarsson, Júlíus Vífill Ingvarsson, Áslaug Friðriksdóttir og Elsa Hrafnhildur Yeoman. Herdís Jóhannesdóttir sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina. Sverrir Þórarinn Sverrisson formaður Íbúasamtaka Miðborgar og Hekla Baldursdóttir frá ungmennaráði Miðborgar og Hlíða sátu fundinn sem áheyrnarfulltrúar. Jafnframt sátu fundinn Sigtryggur Jónsson, framkvæmdastjóri Þjónustumiðstöðvar Miðborgar og Hlíða og Sigríður Arndís Jóhannesdóttir verkefnisstjóri, sem ritaði fundargerð. Gestir við lið 1 voru.

Petta gerðist:

1. Frakkastígur – Skúlagata. Erindi frá Umhverfis- og skipulagssviði. Lagt fram til kynningar.
2. Farið yfir tillögur til framkvæmda í hverfinu eftir athugasemdir og skoðun fagráðs. Samþykkt að gera ekki athugasemdir við þær tillögur sem geta farið í kosningu þannig að tillögur til kosningar verði 17.

Bókun hverfisráðs:

Hverfisráð óskar eftir því að fá að fylgjast með framkvæmd þeirra tillagna sem hljóta kosningu. Jafnframt óskar hverfisráðið eftir því að reglur um skiptingu fjármagns inn í verkefnið verði endurskoðaðar m.t.t. þess að miðborgin hefur mörgum öðrum hlutverkum að gegna en að vera íbúabyggð. Tillögur hverfisráðs verða sendar verkefnisstjóra Betri hverfa.

Bókun fulltrúa Sjálfstæðisflokks:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks leggja ekki gegn því að þær tillögur sem borist hafa í gegnum vefinn Betri Reykjavík fari í almenna atkvæðagreiðslu. Bein aðkoma borgarbúa að ákvarðanatöku er undirstaða íbúalýðræðis og farsælli þróun borgar. Vakinn er athygli á mjög lítilli þátttöku í Betri Reykjavík sem dregur verulega úr gildi þessa verkefnis. Það þarf augljóslega að endurmeta með tilliti til þessa enda veitir svo lítil þátttaka takmarkaðar upplýsingar um raunverulegan áhuga borgarbúa fyrir þeim verkefnum sem nú eru settar í kosningar.

3. Erindi frá Skóla- og frístundasviði um menningarmiðstöð/félagsmiðstöð á Klambratúni. Hverfisráð Miðborgar fagnar tillögunni og tekur undir umsögn sviðsstjóra Skóla- og frístundasviðs.
4. Erindi frá skrifstofu borgarstjórnar um tillögu borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokks um hjólreiðabraut við Kirkjustræti. Hverfisráð tekur undir fram komna tillögu.
5. Rætt um íbúafund um skipulagsmál. Samþykkt að óska eftir því við skipulagsfulltrúa að haldinn verði opinn fundur með íbúum um skipulagsmál í Kvosinni. Þar verði farið yfir þá vinnu sem í gangi er varðandi skipulagsbreytingar og fyrirbyggjandi óskir um skipulagsbreytingar.

Fundi slitið kl. 18:33

Svafar Helgason

Sindri Snær Einarsson
Elsa Hrafnhildur Yeoman

Áslaug Friðriksdóttir
Júlíus Vífill Ingvarsson